



Bessastöðum,  
19. mars 2020

Íris Róbertsdóttir  
bæjarstjóri  
Ráðhúsinu  
Bárustíg 15  
Vestmannaeyjum

Kæra Íris.

Fyrir hönd okkar hjóna sendi ég ykkur Eyjamönnum hlýjar kveðjur og góðar óskir. Við stöndum núna í ströngu saman, þjóðin öll. Saman munum við vinna bug á veirunni skæðu.

Í Vestmannaeyjum eru tiltölulega margir í sóttkví um þessar mundir og þú þeirra á meðal! Ég bið þig að koma á framfæri góðum kveðjum til allra í sveitarfélaginu. Nú varðar mestu að sýna samhug og samstöðu. Fyrir það eru Eyjamenn þekktir.

Ég veit að þið öll munuð áfram sýna hvað í ykkur býr. Við Eliza óskum ykkur alls velfarnaðar.

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Guðni Th. Jóhannesson".

Guðni Th. Jóhannesson